

# OECD *Multilingual Summaries*

## Development Co-operation Report 2017

### Data for Development

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/dcr-2017-en](https://doi.org/10.1787/dcr-2017-en)

## Skýrsla um þróunarsamvinnu 2017

### Gögn til þróunar

Útdráttur á íslensku

Gögn eru forsenda fyrir því að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (2030) og tryggja að enginn verði skilinn útundan. Í þróunarsamvinnuskýrslunni 2017 er lögð áhersla á gögn um þróun, því áreiðanleg, tímanleg og sundurliðuð gögn skipta sköpum ef endanlegt markmið þróunar á að nást, þ.e. að bæta velferð fólks og sigrast á fátækt. Veruleg hættu er hins vegar á því að viðvarandi skortur á grundvallargögnum frá þróunarlöndum um fólk og jarðarkringluna - og lítil hvatning og geta til þess að fylla upp í eyðurnar - muni standa í vegi fyrir árangri.

Markmiðin um sjálfbæra þróun gera miklar kröfur til landsbundinna hagtolukerfa um heim allan. Í flestum löndum, þar með talið mörgum löndum OECD, er vinna ekki enn hafin við að safna gögnum um margar þá hagvísa sem um er fjallað í áætlun Sp um markmið sjálfbærrar þróunar. Vandkvæðin eru enn meiri í mörgum þróunarlöndum, þar sem innviðir til gagnaöflunar eru veikburða. Svo dæmi sé tekið eru gögn um fátækt ófullnægjandi í 77 þróunarlöndum. Í einungis 56% landa um heim allan eru gögn um fæðingatölur uppfærð upp í 90% og aðeins 15% landa í Afríku sunnan Sahara búa yfir slíkum gögnum, 33% í suður Asíu og 36% í suðaustur Asíu. Í aðeins 37 löndum eru í gildi landslög um hagtolur sem standast grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um opinbera hagskýrslugerð. Enn á eftir að bregðast við erfiðum aðferðafræðilegum vandkvæðum til langs tíma, þar með talið er að finna rétt jafnvægi milli framsetningar gagna til alþjóðlegrar vöktunar annars vegar og hins vegar til stefnumótunar á landsvísu.

Í þessari skýrslu er greint hvernig þróunarlönd og samstarfsaðilar þeirra geta stagað í gagnagloppurnar með því að grípa hið fordæmalaus tækifæri - og draga úr þeirri áhættu – sem leiðir af samleitni krafta tækninnar við metnaðarfyllstu þróunaráætlun til þessa, þ.e. þróunaráætlunina til 2030. Ný tækni og hin svonefnda gagnabylting gera það auðveldara, fljótlegra og ódýrara að taka saman þau tölfræðilegu gögn sem þeir sem ákvarðanir taka þurfa á að halda til að taka upplýstar ákvarðanir um stefnumið og forgangsroðun. Ekki er hins vegar nóg að framleiða einfaldlega gögn í meira magni: gögnum verður að umbreyta og þau þarf að greina til þess að þau komi að gagni við stefnumótun, eftirlit og úthlutun ábyrgðar.

Gagnabyltingin veitir stjórnvöldum og hagstofum kærkomið tækifæri til þess að setja fram gagnlegri upplýsingar með því að laða fram gögn úr nýjum heimildum, sem geta bætt upp og styrkt opinberar hagtolur, þótt þau komi ekki í þeirra stað. Í sumum þróunarlöndum er þegar farið að nýta gagnabyltinguna með góðum árangri. Í Eþíópíu, Suður-Afríku, Srí Lanka og Úganda hefur náðst fram aukin skilvirkni og nákvæmni manntals- og könnunargagna með því að beita stafrænum búnaði til einstaklingsviðtala, t.d. með spjaldtölvum eða öðrum lófataækjum Staðgögn hjálpa hagstofum að fylgjast með félagshagfræðilegum skilyrðum og umhverfisskilyrðum og gera kleift að aðgreina gögn landfræðilega og stuðla að aukinni næmni í öflun staðbundinna gagna.

Í skýrslunni er bent á aðferðir til þess að brúa gagnabilið í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun. Þörf er á öflugri pólitískri forystu í þróunarlöndum til að tryggja að gögnin stuðli að þróun. Í því felst að tala fyrir gagnsemi gagna til þróunar en jafnframt tryggja að söfnunin uppfylli staðla um gæði þar sem friðhelgi

einkalífs og trúnaðar er gætt. Í þróunarsamvinnuskýrslunni 2017 er mælt með sex áþreifanlegum aðgerðum til þess að ná sem mestu út úr gögnum til sjálfbærrar þróunar.

## **Gagnaverkefni 1. Laga lög, reglugerðir og staðla um gagnaöflun að breyttum þörfum**

Til þess að setja upp heildstæð gagnavistkerfi sem gagnast alþjóðlegri þróun og einstaklingum þurfa stofnana- og lagaramminn að þjóna tilgangi sínum. Vaxandi fjöldi opinberra stofnana, einkaaðila og borgaralegra samtaka sem koma að söfnun og notkun gagna veldur því að enn meiri þörf er á skýrum lagalegum og siðfræðilegum stöðlum og starfsreglum sem standast kröfur um gæði. Með þeim ætti að hafa eftirlit með notkun hefðbundinna og nýrra gagnalinda þannig að hlúð sé að því trausti sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka upplýstar ákvarðanir um góða stefnumótun og árangursríka þróun.

## **Gagnaverkefni 2. Bæta umfang og gæði fjármögnunar til gagnasöfnunar**

Fjárfesting í hagtölukerfum verður að gera að forgangsmáli í stefnumörkun, bæði fyrir þróunarlönd og samstarfsaðila þeirra í þróunarsamvinnu. Fjárframlög verða að vaxa ef landsbundin hagskýrslukerfi eiga að geta annað eftirspurn eftir meiri og betri gögnum. Ef gagnasöfnun er gerð að forgangsmáli hjá öllum stofnunum sem koma að þróunarsamvinnu geta þeir sem þróunaraðstoð veita byrjað að líta á hana sem hluta af þeim innviðum sem nauðsynlegir eru til þess að efna landsbundnar, svæðisbundnar og alþjóðlegar skuldbindingar.

## **Gagnaverkefni 3. Bæta getu til gagnaöflunar og læsi á hagtölur með nýjum aðferðum.**

Nýjar og víðtækari nálganir að aukningu getu til gagnaöflunar þarf að þróa og prufukeyra og þær þurfa að gera meira en að byggja upp getu til að safna gögnum og miða öllu heldur að því að byggja upp getu hagstofa til þess að gegna vaxandi og fjölbreyttari hlutverki í gagnavistkerfinu og til að bæta stofnanaumhverfið og stuðningskerfi gagna og hagtalna.

## **Gagnaverkefni 4. Bæta skilvirkni og áhrif með „gagnasáttmálum“ eða öðrum samræmdum nálgunum undir landsbundinni forystu**

Þróunarlönd ættu að samræma betur úrræði sem hvetja til þess að safna gögnum til notkunar við innlenda stefnumótun og alþjóðlegt eftirlit með því að koma á samstarfi milli þeirra sem safna gögnum og hinna sem nota þau og haga málum þannig að ábyrgð beggja sé gagnkvæm. Stofnun til gagnasáttmála í því skyni að samhæfa og samræma fjárfestingar í gögnum og stuðning við hagtölukerfi er vænleg aðferð og hana ætti að prófa frekar til þess að tryggja að hún mæti þörfum allra sem að málum koma og stuðli að gagnkvæmri ábyrgð á framkvæmd aðgerðaáætlana, sem metnar eru eftir árangri.

## **Gagnaverkefni 5. Fjárfesta í gögnum um árangur, sem safnað er af einstökum löndum, til þess að fylgjast með framvindu í átt til markmiðanna um sjálfbæra þróun**

Þátttakendur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu verða að segja skilið við óbreytta nálgun; fremur en að safna og nota gögn til þess að uppfylla eigin skyldur um skýrslugjöf og ábyrgð verða þeir að styðja við áætlanir og gagnaumhverfi sem komið er á fót að frumkvæði viðkomandi landa. Það kallar á skýra sýn og raunsæi þegar tekist er á við þrýsting um að rekja árangur til hvernar einustu krónu sem fer til þróunaraðstoðar. Það þýðir einnig að tryggja þarf að niðurstöður sjálfstæðra gagnasöfnunaráætlana séu aðgengilegar öllum sem að þróunarstarfi koma og að þær séu samræmdar við markmið stjórnvalda í þróunarlöndum um skipulag hagtölukerfa.

## Gagnaverkefni 6. Framleiða og nota betri gögn til að skilja betur heildarstöðuna í fjármögnun markmiðanna um sjálfbæra þróun

Gögn um fjármögnun þróunarstarfs verður að bæta. Það þýðir að draga verður upp heildarmynd af fjármögnunarstarfi með því að auka framboð og gegnsæi áreiðanlegra gagna um fjármögnun og bæta aðferðafræði og staðla með það að markmiði að gera þróunarlöndum kleift að skipuleggja og fjármagna landsbundnar þróunaráætlanir sínar og raða verkefnum eftir forgangi.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2017), *Development Co-operation Report 2017: Data for Development*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/dcr-2017-en